



## Starfsfólk óskast í tímavinnu á Blönduósi

<b>Starfsstöð:</b>	Heimilið við Skúlabraut, Blönduósi.
<b>Starfshlutfall:</b>	Tímavinna.
<b>Starfsheiti:</b>	Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk III.
<b>Lýsing á starfinu:</b>	Starfsmaður starfar á heimili fyrir fatlaða einstaklinga. Starfið felur í sér að aðstoða fatlaða einstaklinga við athafnir daglegs lífs, s.s. við umönnun og afþreyingu ásamt öðrum verkefnum. Unnið er eftir hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn og valdeflingu.
<b>Menntunarkrafa:</b>	Gerð er krafa um bÍlpróf. Menntun sem nýtist í starfi er kostur, t.d. félagsliðamenntun.
<b>Hæfniskröfur:</b>	Leitað er eftir ábyrgðarfullum, jákvæðum og sveigjanlegum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa með fötluðu fólki. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, umhyggju, lipurð í mannlegum samskiptum, háttvísi og stundvísi. Þekking og reynsla af starfi með fötluðu fólki er kostur. Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri. Hreint sakavottorð í samræmi við lög um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
<b>Vinnutími:</b>	Unnið er á vöktum allan sólarhringinn.
<b>Launakjör:</b>	Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
<b>Umsóknarfrestur:</b>	<b>Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2022.</b>
<b>Nánari upplýsingar:</b>	Alma Dögg Guðmundsd., forstöðumaður, almadogg@skagafjordur.is, 452-4960.
<b>Umsóknir:</b>	Umsóknum er greina frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins <a href="http://www.skagafjordur.is">www.skagafjordur.is</a> (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.